

Samtök iðnaðarins

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Gagnaveita Reykjavíkur
Bæjarháls 1
110 Reykjavík

Sími: 516 7777

ljosleidarinn.is

Reykjavík, 12. október 2017

Efni: Erindi Samtaka iðnaðarins dags. 11. október 2017.

Allir hafa hagsmuni af því að stjórnvöld leysi úr úrlausnarefnum sem fyrir þeim liggja með vönduðum og skjótum hætti. Að því leyti er ofangreint og viðfest erindi Samtaka iðnaðarins skiljanlegt. Hins vegar er erindið líka sérkennilegt, svo sérkennilegt að grunur vaknar um að samtökin hafi látið undan þrýstingi markaðsráðandi fyrirtækis og gangi erinda þess nú með þessum hætti og láti sem það sé í nafni aukinnar samkeppni. Samtök iðnaðarins hafa enga tilraun gert til að kynna sér málavöxtu af hálfu Gagnaveitu Reykjavíkur en telja sér engu að síður fært að taka einarða afstöðu til málefnisins og fara rangt með staðreyndir í bréfinu.

Sérstaka athygli vekur að erindi samtakanna er ekki beint til þess stjórnvalds sem hefur haft úrlausn ágreiningsins með höndum. Því er beint til borgarstjóra Reykjavíkur sem hefur enga aðild og enga beina aðkomu að málínú. Rennir það frekari stoðum undir þá ályktun að Samtökum iðnaðarins sé beitt með óeðlilegum hætti í þágu eins félags innan samtakanna, hugsanlega í andstöðu við hagsmuni annarra félaga innan Sl.

Samkeppni á fjarskiptamarkaði hefur eflst síðustu ár, ekki síst með tilkomu Ljósleiðara Gagnaveitu Reykjavíkur. Um það kerfi veita sex fjarskiptafyrirtæki þjónustu og á meðal þeirra er félagi í Samtökum iðnaðarins. Þar sem Ljósleiðarinn stendur öllum fjarskipafyrirtækjum til boða á viðskiptalegum forsendum hafa fyrirtækin val um að kaupa þjónustu af öðru félagi en Símanum/Mílu, sem fyrirtækin eiga í samkeppni við á ýmsum hlutum fjarskiptamarkaðarins. Síminn/Míla hefur verið markaðsráðandi í innviðum fjarskipta frá því slík skilgreining var tekin upp og er það enn. Framganga þeirrar samstæðu á markaði hefur verið með þeim hætti að starfsemi hennar þarf að lúta sérstakri sátt við samkeppnisyfirvöld. Ætla má að þetta sé sá markaðsráðandi samkeppnisaðili Gagnaveitu Reykjavíkur sem Samtök iðnaðarins vísa til í bréfi sínu án þess þó að nefna á nafn.



Gagnaveita Reykjavíkur vinnur í fullu samræmi við niðurstöðu stjórnvalda. Gagnaveita Reykjavíkur kvartaði hinsvegar yfir framkvæmd Mílu 2. maí sl. Míla kvartaði á móti og það viðfangsefni er nú til úrlausnar hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Fullyrt er í bréfi SI að GR bræðisjóði og gangi frá fjarskiptalögnum í andstöðu við lög og reglur. Það er einfaldlega rangt. Póst- og fjarskiptastofnun hefur þegar tekið afstöðu til frágangs GR á lögnum.

Tæknileg útfærsla fjarskiptalagna og frágangur þeirra eru mikilvæg vegna hagsmuna viðskiptavina og ekki síður vegna upplýsingaöryggis; hvernig má ganga frá lögnum án þess að búnar séu til öryggisgloppur sem óprúttir aðilar gætu notfært sér. Það þarf vísast ekki að tíunda fyrir Samtökum iðnaðarins vaxandi mikilvægi upplýsingaöryggis þar sem samtökin hafa látið málefnið til sín taka með ýmsum hætti á undanförnum árum.

Gagnaveita Reykjavíkur á í miklu og góðu samstarfi og viðskiptum við fjölda aðildarfyrirtækja Samtaka iðnaðarins. Án aðkomu rafverktaka, jarðvinnuverktaka, hönnuða og fleiri hefði sú bylting sem orðið hefur í ljósleiðarauppbryggingu hér á landi ekki orðið. Það er ósk GR að samskipti við starfsfólk samtakanna geti einnig orðið árangursrík. Til þess þarf að tala saman og undirritaður er boðinn og búinn að funda með starfsfólk SI í því skyni að skýra sjónarmið GR í því máli sem erindi samtakanna varðar og ekki síður að hlusta eftir skýringum Samtaka iðnaðarins á þessu sérkennilega bréfi.

Með vinsemdu,

Erling Freyr Guðmundsson
framkvæmdastjóri

Afrit:

Borgarstjórinn í Reykjavík, borgarstjori@reykjavik.is

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, postur@srm.is

Póst- og fjarskiptastofnun, pfs@pfs.is

Fjarskipti hf., félagi í Samtökum iðnaðarins, vodafone@vodafone.is

Síminn hf., félagi í Samtökum iðnaðarins, siminn@siminn.is

Samtök upplýsingatæknifyrtækja, aðili að Samtökum iðnaðarins, katrin@si.is



Reykjavíkurborg

b.t. Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra

upplysingar@reykjavik.is

Reykjavík, 11. október 2017

Efni: Frágangur Gagnaveitu Reykjavíkur á tengingum við ljósleiðara

Samtök iönaðarins (hér eftir „SI“) óska eftir að Reykjavíkurborg, sem eigandi Gagnaveitu Reykjavíkur (hér eftir „GR“), taki til skoðunar verklag GR við frágang á tengingum ljósleiðara við heimili á höfuðborgarsvæðinu. Háttsemi GR, sem felur það í sér að bræðisjóða fjarskiptalagnir innan húsa við ljósleiðaraheimtaug GR, hefur verið talin í andstöðu við ákvæði fjarskiptalaga og ákvæði reglna um innanhússfjarskiptalagnir, sbr. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir „PFS“) nr. 32/2014 og úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 32/2014 (hér eftir „ÚFP“). Þrátt fyrir framangreinda afstöðu PFS, sem staðfest var af ÚFP, hefur GR haldið uppteknum hætti.

Þessi frágangur GR leiðir til þess að enginn þjónustuveitandi í innviðum, annar en GR, kemst að innanhússlögnum húseigenda í viðkomandi eignum. Torveldar þetta verulega húseigendum að skipta um innviðabjónustuveitanda og hamlar þannig samkeppni á markaðnum. Eina leiðin til að komast hjá framangreindum hindrunum er að klippa innanhússlagnir frá ljósleiðarainntaki GR. Sú aðferð felur í sér verulegt óhagræði og sóun á fjármunum.

Í nýlegum reglum um innanhússfjarskiptalagnir nr. 1111/2015 er skýrt tekin afstaða til frágangs á fjarskiptalögnum, sem eiga að vera í samræmi við viðurkennda og viðeigandi ÍST-staðla, sbr. 1. mgr. 6. gr. Sá staðall sem hér á við er ÍST 151:2016, um fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði, sem GR hafði aðkomu að. Þar segir í grein 6.4:

Skv. reglum nr. 1111/2015 um fjarskiptalagnir frá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) er heimilt að víkja frá meginreglu og nota bræðisuðu beint frá inntakskassa að netaðgangstæki. Í nýju fjölbýli skal þó ávallt nota tengilista.

Þar sem leyfilegt er að nota bræðisuðu þá ber þeim sem ljósleiðarann dregur að tryggja að a.m.k. einn laus þráður sé til staðar fyrir aðra þjónustuveitendur og að aðgengi þeirra til tenginga sé tryggt. Þeim sem setur sílkt upp er bent að kynna sér reglur PFS vel.

Í tækjaskáp íbúðar skal ganga frá öllum strengendum í SFF tengidós, þannig að auðvelt sé að færa notandann á milli fjarskiptafyrirtækja með því að færa til SFF tengi.

Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. innanhússfjarskiptareglanna þá er meginreglan sú að tengja eigi innanhússlagnir við heimtaug með tengilista en ef ákvæðið er að splæsitengja heimtaug við innanhússlög, t.d. með bræðisuðu, þá verði að vera tryggt að til séu aðrir lausir þræðir sem aðrir þjónustuveitendur geti nýtt sér.

Er framangreindum reglum ætlað að tryggja jafnræði fjarskiptafyrirtækja og þar með virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Ljóst er að verklag GR er ekki í samræmi við þessar reglur né áðurnefnda grein ÍST 151:2016.



Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að jafnræði þjónustuveitenda sé tryggt og að háttsemi opinberra fyrirtækja á samkeppnismarkaði sé í samræmi við lög, reglur og viðurkenna staðla. Sú háttsemi GR, sem að framan er lýst, er ekki í samræmi við það og óska því Samtök iðnaðarins þess að borgarstjóri hlutist til um að GR breyi verklagi sínu og viðhafi nauðsynlegar úrbætur til tryggja virka samkeppni á markaðnum og dragi úr tjóni húseigenda á höfuðborgarsvæðinu. Óskað er eftir fundi með borgarstjóra eða fulltrúum hans til að ræða þessi mál nánar.

Virðingarfyllst,

Björg Á. Þórdardóttir
Björg Ásta Þórdardóttir, lögfræðingur

Afrit:

Gagnaveita Reykjavíkur (gagnaveita@gagnaveita.is)

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið (postur@srn.is)

Póst- og fjarSKIPTASTOFNUN (pfs@pfs.is)